

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Skaftárhreppur annast eða býður út alla meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer meðferð úrgangs fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Markmið með samþykkt þessari er að allur úrgangur verði flokkaður þar sem hann verður til á heimilum og hjá fyrirtækjum og stofnunum.

II. KAFLI

Hreinsun á flokkuðum úrgangi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Hverju heimili í Skaftárhreppi er skylt að flokka allan úrgang í þrjá grunnflokka; lífrænan úrgang, brennanlegan úrgang og óbrennanlegan úrgang.

Öllum íbúum skal veitt fræðsla um flokkun á úrgangi og heimajarðgerð samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Húseigendur skulu sjálfir útvega sér sorpílát og annast frágang á þeim. Sorpílát skulu vera aðgengileg fyrir sorphirðuaðila og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Sorphirðuaðili annast söfnun á brennanlegum heimilisúrgangi í sorppokum og tryggilega frágengnum óbrennanlegum heimilisúrgangi og lífrænum heimilisúrgangi. Ekki skal staðsetja óviðkomandi hluti nálægt sorpílátum.

4. gr.

Í sorppoka má einungis setja flokkaðan heimilisúrgang samkvæmt reglum sveitarstjórnar. Sorppokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætt á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðvelt sé að loka þeim. Sorpsöfnunaraðila er heimilt að skilja eftir poka sem fylltir eru um of, eru rifnir eða eru svo þungir að hætt sé á að þeir rifni í flutningi.

Glerbrot og aðrir oddhvassir hlutir skulu settir með óbrennanlegum úrgangi og skal þeim pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Öll spilliefni skulu flokkuð frá og þeim komið í Spilliefnamóttöku Skaftárhrepps á auglýstum afgreiðslutímum, eða í samráði við umsjónarmann spilliefnamóttöku.

5. gr.

Í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri fer sorpsöfnun fram að jafnaði aðra hverja viku eða samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Í dreifbýli Skaftárhrepps fer sorpsöfnun fram að jafnaði einu sinni til tvisvar í mánuði eða samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

6. gr.

Skaftárhreppur er aðili að byggðasamlaginu Hulu ásamt Mýrdalshreppi og Rangárþingi eystra. Hula bs. sér um eða býður út rekstur á löggiltum urðunarstað á Skógasandi. Stjórn Hulu bs. ákveður og auglýsir afgreiðslutíma urðunarstaðarins.

Skaftárhreppur annast eða býður út rekstur á takmörkuðum urðunarstað á Stjórnarsandi fyrir ösku, sláturúrgang, seyru, byggingarúrgang og fleira.

Skaftárhreppur annast eða býður út rekstur á móttökustað fyrir flokkaðan úrgang sem fellur utan almennrar sorpsöfnunar, s.s. brotajárn og fleira.

Urðunar- og móttökustaðurinn skal vera opinn á auglýstum tíma, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða í samráði við umsjónaraðila. Þeir sem losa flokkaðan úrgang á móttökustað, eða brotajárn, skulu annast flutning á eigin kostnað.

III. KAFLI

Hreinsun á flokkuðum úrgangi vegna atvinnustarfsemi.

7. gr.

Aðilum sem hafa með höndum hvers konar atvinnustarfsemi er skylt að flokka úrgang samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps og ber sjálfum að annast og kosta sorpsöfnun vegna starfseminnar.

Aðilar sem hafa með höndum starfsemi, utan þéttbýlis á Kirkjubæjarklaustri, geta nýtt sér sorpsöfnun sem um getur í 5. gr. þessarar samþykktar og bera jafnframt kostnað vegna þess samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Allur flutningur á vegum einstaklinga með rekstur og fyrirtækja á urðunar- og móttökustað Skaftárhrepps skal framkvæmdur samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Skaftárhrepps á auglýstum afgreiðslutíma eða í samráði við umsjónarmann. Tekið er á móti brennanlegum úrgangi frá einstaklingum með rekstur og fyrirtækjum í sorporkustöð á Kirkjubæjarklaustri en óbrennanlegum úrgangi, þ.m.t. lífrænum, á urðunarstað á Stjórnarsandi. Gámavöllur er ætlaður undir úrgang frá heimilum og frístundahúsum og er óheimilt að losa rekstrarúrgang í gáma á vegum Skaftárhrepps.

Aðilar sem hafa með höndum atvinnustarfsemi skulu sjá sér fyrir viðeigandi búnaði sem hentar til grunnflokunar á úrgangi samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps. Hafa skal samráð við sorpsöfnunaraðila um gerð búnaðar vegna flokkunar og sorpsöfnunar.

Öll spilliefni skulu flokkuð frá öðrum úrgangi og þeim komið í Spilliefnamóttöku Skaftárhrepps á auglýstum afgreiðslutíma eða í samráði við umsjónarmann.

Ferðaþjónustuaðilar eða önnur fyrirtæki sem eru með starfsemi á afréttum eða hálendi Skaftárhrepps skulu sjá svo um að úrgangur sé flokkaður í grunnflokka samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps og einnig sjá um flutning til byggða á móttökustað á eigin kostnað. Seyra úr rotþróum skal með sama hætti einnig flutt til urðunar á viðurkenndum urðunarstað á Stjórnarsandi.

IV. KAFLI

Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.

8. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorp-hirðugjald fyrir alla meðferð úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorphlata, þjónustustig eða við magn þess brennanlega úrgangs sem til fellur frá hverju heimili. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Gjöld skulu lögð á með fasteignargjöldum og innheimt með þeim. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs skal hann koma slíkri kvörtun skriflega til sveitarstjóra eða heilbrigðisnefndar Suðurlands.

10. gr.

Brjótí húseigandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu úrgangs skal sorphreinsunaraðili tilkynna það til skrifstofu Skaftárhrepps, sem skora skal á húseigandann að bæta ráð sitt. Bæti húseigandi ekki úr innan ákveðins tíma er sorphreinsunaraðili ekki skyldugur að taka úrgang hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um ítrekað brot að ræða skal skrifstofa Skaftárhrepps tilkynna það heilbrigðisnefnd Suðurlands, sem gera skal viðeigandi ráðstafanir.

11. gr.

Sorphreinsunaraðila ber að haga störfum sínum á þann hátt að það valdi húseigendum sem minnstum óþægindum og er honum algerlega óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða nokkuð úr þeim muni.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála og í samræmi við lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

V. KAFLI

Staðfesting og gildistaka.

13. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.